

Gjöld þessi má taka lögtaki. Framtalsskýrslur eru hreppstjórar skyldir að láta hreppsnefndum í tje strax að afloknum vorhreppaskilum, ef með þarf. **48**  
31. júlí

Á tveim stöðum í annari málsgrein sömu greinar komi 1 króna í stað 50 aurar.

2. gr.

Á tveim stöðum í 6. grein komi 50 aurar í stað 20 aurar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. sept. 1924, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1924.*

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

*Páll Pálmason.*

## REGLUGJÖRÐ

um

breytingu á og viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1. maí 1918, og reglugjörð um breyting á og viðauka við sömu reglugjörð frá 3. maí 1919.

1. gr.

Á eftir orðunum „seld á markaði“ í reglugjörð 3. maí 1919 (68. gr. fjallskilareglugjörðarinnar) komi: skulu markskoðunarmenn semja nákvæma skýrslu um öll þau hross, er seld eru á markaðinum, og greina þar frá aldri, lit, kyni og marki, og nafni þess manns, er selur, ásamt nafni eiganda, ef það tvent fer ekki saman. Skýrslu þessa skulu þeir afhenda sýslumanni þegar að afstöðnum markaði.

2. gr.

Á eftir orðunum: „og skal þar með fylgja fjallskilareglugjörð sýslunnar“ í 61. gr. fjallskilareglugjörðarinnar komi: þegar sýslunefnd telur prentunar þörf.

3. gr.

Aftan við 30. gr. fjallskilareglugjörðarinnar bætist: Þó er þeim hreppsnefndum er þess óska, heimilt að láta kostnað af viðhaldi og byggingu rjetta hvíla á fjallskilasjóði hreppsins eða hreppanna, ef fleiri eru í upprekstrar-

**49** fjelaginu, og má í því skyni greiða árlega í sjóðinn ákveðið gjald af hverri  
**31. júlí** sauðkind og hverju hrossi, sem fjallskilaskyld eru, enda sje skylt að hafa fjallskilasjóð í hverjum hreppi. Ákveður hreppsnefnd gjald þetta árlega eftir þörfum á hverjum stað og innheimtir það með öðrum tekjum sjóðsins.

4. gr.

Í stað orðanna „er skoða hrossamörk, úr sýslusjóði“ í reglugjörð 3. maí 1919 (68. gr. fjallskilareglugjörðarinnar) komi: er skoða hrossamörk, af hlut- aðeigandi markaðshaldara.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. sept. 1924.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1924.*

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

---

*Páll Pálmason.*

**50**

**4. ágúst**

## VIÐAUKI VIÐ REGLUR

**31. ágúst 1923, um aflífun húsdýra, slátrun búpenings og um fuglaveiðar, svo og um meðferð á sauðfje og hrossum að ýmsu leyti.**

Aftan við 12. gr. reglna 31. ágúst 1923 bætist:

Þegar sjerstaklega stendur á, veitir ráðuneytið, ef því þykir ástæða til, með ráði dýralæknis undanþágu frá ákvæðum 5. gr., um að hross skuli vera ójárnud í skipi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. ágúst 1924.*

Jón Magnússon.

---

*St. Gunnlaugsson.*